

Stjórnarfundur mánudaginn 15. apríl 2019

Kl. 19:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

Mættir á fund: Sævar Finnbogason, Hope Knútsson, Tómas Kristjánsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Steinar Harðarson og Siggeir F. Ævarsson.

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Málefni tengd framkvæmd aukaaðalfundar

—ábending frá Ingu Auðbjörgu vegna aðgengismála.

Framkvæmdastjóra falið að athuga með nýja staðsetningu, Vesturgata 7, þjónustumiðstöð og Hannesarholt til vara.

—staðfesting á rétti til atkvæðagreiðslu.

Fundarmenn verða að framvísa sönnun á aðild til að fá inngöngu á fundinn.

—kynning fundarins og kostnaður

Ein auglýsing í ríkisútvarpinu samdægurs. Ein auglýsing í FBL og MBL.

—framkvæmd atkvæðagreiðslu

Kjörseðlar fyrir formanns, stjórnar og varastjórnarkjör, í A5 stærð, merktir og útvegaðir í þremur mismunandi litum og afhentir við innkomu.

—annað sem fundarmenn muna

Ef einhver býður sig fram á fundinum þarf að gefa þeim og öllum sem það vilja, tækifæri á að taka til máls undir ströngum tímamörkum. 3 mínútur hámark.

2. Þóknunir til athafnastjóra vegna útfara

Meðgjöf ríkisins vegna útfara hefur hækkað. Taka þarf afstöðu um hvort þóknun til athafnastjóra eigi einnig að hækka, og hvenær og hvort það eigi að gilda afturvirk.

Nú fá athafnastjórar greitt fyrir útför - 54.296 kr.

Miðað við 88/12 skiptingu ætti þetta að vera: 88% af 40.000 + 26.210 = 58.265 kr

Fyrir kistulagningu er greitt aukalega 8.978 kr

Sem ætti þá að vera: 88% af 40.000 + 26.210 + 8.978 kr = 66.165 kr

Stjórn felur framkvæmdastjóra að endurreikna gjaldskrá fyrir útfarir og lækka hana í samræmi við auknar greiðslur frá Kirkjugarðasambandinu.

3. Tengiliðir ráða

Hlutverk tengiliða ráða er að boða til funda og halda utan um starf ráðanna með fundaritun og eru þeir tengiliðir ráðanna við stjórn félagsins. Ráðin velja sjálf sína tengiliði, en tengiliður skal, ef kostur er, vera aðili sem situr ekki í aðalstjórn Siðmenntar.

4. Tilmæli til Framtíðarráðs um tímamörk í embættum

Stjórn beinir þeim eindregnu tilmælum til framtíðarráðs að í lög félagsins verði settar kvaðir á lengd stjórnarsetu. Bent er á að víða í félögum er þetta með þeim hætti að fólk getur aðeins setið samfleytt 2 ár í stjórn.

Framtíðarráð getur kynnt sér hvernig þessum málum er háttað í öðrum félögum og mótað skynsamlega stefnu fyrir Siðmennt í þessum málefnum.

5. Umræður um birtingu fundargerða stjórnar.

Stjórn telur eðlilegt að allar fundargerðir stjórnar séu birtar á vefsíðu félagsins. Séu trúnaðarmál rædd á fundum, verði þau færð í sérstaka trúnaðarmálabók.

Ennfremur beinir stjórn þeim tilmælum til framtíðarráðs að við endurskoðun á lögum verði fjallað sérstaklega um birtingu fundargerða og almennt um gegnsæi í starfi félagsins.

6. Rafrænar kosningar

Framtíðarráði falið að skoða mögulega um rafrænar kosningar, bæði til að kjósa um einstök mál og í embætti innan félagsins. Um leið að skoða allar mögulegar leiðir til að auðvelda sem flestum til nýta kosningarétt sinn í félaginu.

7. Mál frá síðasta fundi

Heimsókn John de Lancie til Íslands næsta haust - rúllar áfram og til hugráðs

Athafnaráð - í vinnslu og rúllar

Erindi frá Belgískum samtökum vegna greinar - í vinnslu og allt að koma. Deadline 24. apríl

GDPR - Tilboð frá Tómasi. Frestað fram yfir 24. apríl

Yfirfærsla verkefna BF frá Hope - Jens að vinna drög að verkefnalýsingu

Þjóðskrármálið - fundur fór fram fimmtudaginn 11. apríl, Steinar og Tómas mættu.
Beðið eftir formlegu svari frá Þjóðskrá, en kröfugerð var lögð fram 12. apríl.
Þjóðskrá hefur að hámarki 6 vikur til að svara.

8. Önnur mál

Virkjun á skráningarformi - Framkvæmdastjóra falið að óska eftir lokadegi frá
Sigurði um hvenær nýja skráningarkerfið verður komið í notkun á vefsíðu félagsins.

Fundi slitið klukkan:

Næsti stjórnarfundur haldinn:

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands